

# Spurt og svarað um **LESTRARÞJÁLFUN**

## Hver eru viðfangsefni lestrarþjálfunar?

Viðfangsefni í lestrarkennslu breytast eftir því sem nemandinn öðlast aukna færni í lestri og þarf lestrarþjálfun að breytast í takti við það. Á fyrstu árum formlegrar lestrarkennslu verða nemendur tæknilega læsir og þá er þjálfun tæknilegrar hliðar lestrar (umskráningar) fyrirferðarmikil. Þegar nemendur hafa náð góðum tókum á tæknilegu hliðinni ætti kennsla lesskilningsaðferða að verða fyrirferðameiri sem er í takti við kröfur um aukna yfirferð og úrvinnslu á fjölbreyttum textum námsgreina.

Viðfangsefni lestrarkennslu og lestrarþjálfunar geta verið eftirfarandi:

- Að þjálfra hljóðaaðferðina.
- Að efla málskilning/lesskilning.
- Að auka sjálfvirkni og öryggi við lestur orðmynda.
- Að auka nákvæmni við lestur.
- Að læra að virða greinarmerki og móta hendingar rétt til að hljómfall lestrar verði gott og merking komist til skila.
- Að þjálfra lesfimi (sjálfvirkni, nákvæmni og gott lestrarlag).
- Að þjálfra framsögn.
- Að þjálfra lestur til náms – vinna með orðaforða- og lesskilningsaðferðir í merkingarbæru samhengi t.d. innan námsgreina sem krefjast mikils lestrar og úrvinnslu á texta.

## Hvað þarf fyrst og fremst að hafa í huga þegar lestrarþjálfun er annars vegar?

Að þjálfunin hæfi markmiði hverju sinni, að verið sé að þjálfra það sem þarfnast þjálfunar. Eðli þjálfunar ræðst af stöðu nemandans í lestri og námslegum þörfum. Markmiðið með þjálfuninni þarf að vera kennaranum, nemandanum og lestrarþjálfaranum ljóst. Þess vegna á þjálfunarfyrirkomulag allra nemenda ekki alltaf að vera það sama heldur taka mið af þörfum hvers og eins hverju sinni. Þetta á jafnt við um slaka og færa lesara.

## Hvernig á að velja bók til lestrarþjálfunar?

Nokkur viðmið hafa verið gefin út varðandi þyngdarflokkun á texta en þessi viðmið eru ekki byggð á rannsóknum heldur fremur á reynslu kennara. Talað er um þrjú þyngdarstig sem eru skilgreind með eftirfarandi hætti:

<b>Lestur án aðstoðar</b> (independent level)	Lestrarnákvæmni 90-95%	Nemandinn ræður auðveldlega við að umskrá texta á eigin spýtur. Villur eru fáar og hann skilur allt sem hann les.
<b>Lestur undir leiðsögn</b> (instructional level)	Lestrarnákvæmni 95-100%	Nemandinn þarfnast leiðsagnar kennara eða lestrarþjálfara vegna nýrra orðmynda og orðaforða.
<b>Áreynslumikill lestur</b> (frustration level)	Lestrarnákvæmni undir 90%	Nemandinn umskráir með erfiðismunum og skilur ekki það sem hann les.

Talið er að of léttar lestrarbækur leiði síður til árangurs í lestrarnámi og því sé mikilvægt að velja lesefni sem felur í sér nokkra áskorun fyrir nemendur. Lesefnið má þó ekki vera of þungt því ef umskráningin verður of fyrirhafnarmikil er hætt við að nemandinn gefist upp og lesskilningurinn verði lítill. Textinn er því talinn henta ef nemandinn getur lesið hann með um það bil 90-95% nákvæmni en eins og áður segir eru þessi viðmið ekki byggð á rannsóknum svo reynsla og brjóstvit kennara skiptir einnig máli þegar val á lestrarbókum er annars vegar.

Menntamálastofnun hefur útbúið flokkun á lesefni fyrir 1.-4. bekk en hana má finna á heimasíðu stofnunarinnar. Sú flokkun lýtur einkum að ytri einkennum texta og veitir góðar upplýsingar um þá þætti sem tekið er tillit til við samningu bóka innan hvers flokks.

### **Hvers vegna eru nemendur látnir lesa upphátt?**

Nemendur eru látnir lesa upphátt til að sá sem hlustar fái innsýn inn í umskráningarferlið en þetta er eina leiðin til að meta stöðu þess. Þegar lestur nemenda er orðinn áreynslulaus og nákvæmur má draga úr því að láta þá lesa upphátt en það getur þó verið gott fyrir kennara að láta alla nemendur lesa upphátt fyrir sig stöku sinnum til að kanna nákvæmni og hvort lestrarlag sé gott.

### **Hversu oft á að láta barn þjálfa sama textann?**

Meginástæðan fyrir því að nemendur, á fyrstu stigum lestrarnáms, eru látnir lesa texta tvisvar er til að gefa þeim svigrúm til að umskrá og fá leiðsögn frá lestrarþjálfara eða kennara. Við annan lestur er búið að leysa úr öllum orðunum og merking textans augljósari. Þannig gefst lesaranum ráðrúm til að hlusta á lestur sinn flæða betur og fá staðfestingu á merkingu textans. Endurtekinn lestur á texta flýttir einnig fyrir þróun orðmyndalestrar svo kostirnir eru ótvíræðir. Ef lestrarbók er hæfilega þung ættu tveir lestrar að duga en í einhverjum tilvikum gætu nemendur haft ávinning af því að lesa texta þrisvar. Það ætti ekki að vera algild regla heldur ætti aðeins grípa til þriðja lestrar ef ástæða er til og barnið tilbúið til þess. Þegar lesturinn er farinn að flæða nokkuð vel og lestrarlag gott er ekki ástæða til að lesa texta tvisvar heldur láta nemendur lesa hann einu sinni í því augnamiði að komast yfir meira efni.

### **Hversu lengi eiga nemendur að lesa upphátt í einu?**

Á fyrstu stigum lestrarnáms þurfa nemendur að lesa upphátt svo hægt sé að fylgjast með umskráningunni og leiðrétta villur í lestri. Tíu mínútna raddlestur í einu er hæfilegur en hætt er við að raddlestur í lengri tíma þreyti sérstaklega unga nemendur. Ávinningurinn af lengri þjálfunartíma er ekki augljós og getur leitt til leiða. Þetta þurfa kennarar þó að meta og ef gera á kröfu um lengri lestrartíma getur verið gott að hafa þjálfunina fjölbreytta með því að bæta inn kórlestri, skiptilestri eða bergmálslestri.

Það getur verið viðkvæmt mál fyrir nemendur á eldri stigum að lesa upphátt fyrir kennara og því þurfa kennarar að leita leiða til að gera það á eins nærgættinn hátt og hægt er.

### **Hvenær mega nemendur byrja að lesa í hljóði?**

Um leið og nemendur eru orðnir öruggir í umskráningu og orðmyndalestri og villur mjög fáar má byrja að huga að hljóðlestri. Sumir nemendur álíta það sérstakan áfanga í lestrarnáminu að byrja að lesa í hljóði og því getur það verið hvetjandi fyrir nemendur að keppa að því að ná ákveðnum orðafjölda til að fá að hefja hljóðlestur. Umfram allt verður lesturinn þó að vera orðinn öruggur og nákvæmur.

## Hversu oft á að hlusta á nemandann lesa í skólanum?

Það getur tekið langan tíma ef hlusta á öll börn daglega en til eru kennarar sem leggja á það ríka áherslu, sérstaklega í 1. bekk. Þegar mynd er farin að komast á stöðu og getu bekkjar í lestri getur kennari komið sér upp skipulagi þar sem hann forgangsraðar í þágu þeirra sem þurfa mikla hvatningu og eftirfylgni og þar sem hann hlustar á aðra nemendur tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Slíkt skipulag losar um tíma sem er betur varið til lestrarkennslu og þjálfun tengdri henni.

## Hvenær á að hefja framsagnarþjálfun?

Það er rík ástæða til að þjálfra framsögn allt frá upphafi lestrarnáms og bíða t.d. ekki þar til nemendur hafa náð ákveðnu lesfimiviðmiði. Framsagnarþjálfun er nefnilega góð leið til að gera bæði lestrarnám og þjálfun fjölbreytta og skemmtilega. Í framsagnarþjálfun þurfa nemendur að marglesa texta, velta honum fyrir sér og íhuga áherslur og það geta allir gert óháð aldri í grunnskóla. Endurtekinn lestur á texta er einmitt góð leið til að þjálfra lesfimi svo framsagnarþjálfun og leiklestur ættu að eiga sér stað í lestrarkennslu á öllum stigum.

## Hverjir þurfa á lesfimiþjálfun að halda?

Stefnan ætti alltaf að vera sú að nemendur, sem hafa til þess forsendur, nái lesfimiviðmiði 2 sem MMS hefur gefið út. Allir nemendur þurfa að þjálfra lesfimi þar til því marki er náð en þá þarf þjálfunin að vera markviss og fjölbreytt og tilgangur með henni augljós.

Nemendur sem ekki hafa náð viðmiði 1 eiga að öllum líkindum í erfiðleikum með lestur ef þjálfun hefur verið markviss og góð. Þessir nemendur þurfa flestir sérhæfða aðstoð vegna undirliggjandi veikleika sem mikilvægt er að greina rétt. Þar sem þessir nemendur geta átt í erfiðleikum með að ná jafnvel lesfimiviðmiði 1 er mikilvægt að þeir setji sér persónulegt markmið en einblíni ekki á viðmið sem þeir eru ekki færir um að ná í fyrirsjáanlegri framtíð.

## Á heimalestur að vera skylda allan grunnskólann?

Það er nokkuð algengt að nemendur á mið- og unglingastigi séu látnir lesa heima í korter á dag án þess að tilgangur lestrarins sé augljós. Oft er úrvinnslan eftir lestur engin, skráningarfyrirkomulagið einhæft og eftirfylgnin lítil og ef sú er raunin er lítil tilgangur að skylda nemendur að lesa. Kennarar verða því að hafa skýrt markmið í huga þegar þeir skylda nemendur að lesa með þessum hætti en það er líklegt að slíkur skyldulestur geri lítið til að bæta lestraránægju nemenda.

## Er hægt að þjálfra lesskilning og hvernig er það gert?

Lesskilningurinn á sér rætur í málskilningi nemandans en orðasafn hans byrjar að myndast strax við fæðingu. Því má segja að forsendur lesskilnings verði til strax þá. Sýnt hefur verið fram á að stærð orðasafns hafi mikið forspárgildi um námsárangur og það skiptir því miklu máli að börn búi við gott málalæti allt frá unga aldri. Börn hefja nám í grunnskóla með misstórt orðasafn en sýnt hefur verið fram á að þessi munur eykst eftir því sem námi vindur fram. Þess vegna er það bæði hægt og mikilvægt að kenna nemendum aðferðir sem efla orðaforða og lesskilning allt frá upphafi lestrarnáms en einblína ekki eingöngu á kennslu og þjálfun lesfiminna.

## Hvernig er best að haga heimalestrarþjálfun?

Skólar verða að veita foreldrum góðar upplýsingar varðandi það hvernig best er að þjálfa svo þeir geti axlað ábyrgð af þjálfuninni og uppfyllt væntingar skólans. Hver skóli verður að ákveða umfang og eðli aðkomu foreldra en hér eru nokkur góð ráð sem hægt er að gefa foreldrum:

- Þjálfaðu af athygli og gerðu ekkert annað á meðan.
- Hjálpaðu barninu að lesa þau orð sem reynast erfið.
- Gættu þess að barnið skilji öll orðin í textanum.
- Ræðið efni texta.
- Þjálfaðu eins snemma dags og kostur er.
- Þjálfaðu ekki svangt og pirrað barn.
- Þjálfaðu á notalegum stað og í næði.
- Hrósaðu fyrir það sem vel er gert og hvettu barnið áfram.
- Veittu barninu tækifæri til að sýna hvað það kann.
- Lestu fyrir barnið eða haltu áfram að lesa fyrir það.

## Hvernig er best að skrá lestrarþjálfun sem fer fram heima?

Mikilvægt er að skráningarfyrirkomulag gangi sér ekki til húðar og það þarf einnig að haldast í hendur við það sem er þjálfað hverju sinni. Skólar ættu að leitast við að gera skráningarfyrirkomulagið áhugavert og hvetjandi og ekki síst fjölbreytt ef þjálfa á sama færniþáttinn lengi. Mikilvægt er að kvittað sé bæði heima og í skóla á meðan þjálfun stendur yfir. Það sendir þau skilaboð að þjálfunin sé mikilvæg.

## Hvers vegna er gott að hafa fingur eða blýant undir texta sem er lesið hverju sinni?

Að nota fingur/blýant eykur nákvæmni í lestri og lestrarþjálfari þarf að gæta þess að hleypa ekki barni áfram í lestri nema öll orð séu rétt lesin. Nákvæmur lestur tryggir betri lesskilning. Fingur/blýantur getur einnig hjálpað lesurum að fara ekki línuvillt en það, að fara línuvillt, getur haft veruleg áhrif á lesskilninginn.

## Hversu lengi á að lesa upphátt fyrir nemendur/börn?

Eðli málsins samkvæmt er orðaforði í lesefni fyrir byrjendur mjög einfaldur og hluti af orðasafni þeirra. Það er því ólíklegt að byrjendur í lestri nái að efla orðaforða sinn í gegnum eigin lestur strax og þar af leiðandi mikilvægt að lesið sé upphátt fyrir börn að minnsta kosti þangað til þau geta lesið bitastæðan texta sjálf. Upplsturinn þarf ekki að einskorðast við sögur og bækur heldur má lesa alls konar áhugaverðan texta sem á erindi við börn. Það má heldur ekki gleyma því að lestrarstundir geta verið gæðastundir sem foreldrar og börn geta notið saman óháð aldri barnanna.